

**Sp.**

**534. Breytingartillögur**

[277. mál]

við till. til þál. um rannsóknna- og tilraunastöð fiskeldis.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að beita nú þegar heimild í 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveldi, og standa fyrir myndun félagsskapar ríkisins og þeirra, er fiskeldi stunda, um rekstur rannsóknna- og tilraunastöðvar. Fiskeldisstöðin í Kollafirði skal nýtt í þessu skyni, einkum til kynbóta- og erfðafræðirannsóknna, rannsóknna á fisksjúkdómum og annarrar skyldrar starfsemi sem henta þykir að stunda þar.

Einnig skal komið á fót tilraunastöð í seiðaeldi og fiskirækt við Öxarfjörð. Þar skal rannsaka sérstaklega þá möguleika sem miklar ferskvatnssuppsprettur í Kelduhverfi, með kjörhitastigi til seiðaeldis, bjóða upp á til seiðaframleiðslu í stórum stíl. Einnig skulu rannsakadir í stöðinni möguleikar á eldi í ferskvatni í stórseiðastærð eða allt í sláturstærð. Þá skal enn fremur við uppbyggingu stöðvarinnar taka mið af mögulegri hagnýtingu jarðvarma frá háhitasvæði í Öxarfirði til fiskeldis og æskilegrar tilraunastarfsemi í því sambandi.

Stöðin í Kollafirði og tilraunastöðin við Öxarfjörð skulu í sameiningu hafa með höndum leiðbeiningar- og fræðslustarfsemi um varnir gegn fisksjúkdómum, fóðrun fiska og aðra þýðingarmikla þætti ferskvatns- og sjávareldis.

2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um rannsóknna- og tilraunastarfsemi í seiðaeldi og fiskirækt.